

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 584/2008

2011/EES/5/42

frá 20. júní 2008

um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í kalkúnum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003 frá 17. nóvember 2003 um varnir gegn salmonellu og öðrum tilteknum smitvöldum mannsmitanlegra dýrasjúkdóma sem berast með matvælum <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 4. gr. og 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er að tryggja að gripíð sé til viðeigandi og skilvirkra ráðstafana til að greina og verjast salmonellu og öðrum smitvöldum sjúkdóma sem berast milli manna og dýra á öllum viðeigandi stigum framleiðslu, vinnslu og dreifingar, einkum á frumframleiðslustiginu, í því skyni að draga úr algengi þeirra og þeirri áhættu sem stafar af þeim fyrir lýðheilsu.
- 2) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að setja skuli markmið Bandalagsins um að draga úr algengi allra sermigerða salmonellu, sem hafa áhrif á lýðheilsu, í kalkúnum á frumframleiðslustigi. Slíkur samdráttur er mikilvægur í ljósi þeirra ströngu ráðstafana sem eiga að gilda um nýtt kjöt af sýktum hópum kalkúna í samræmi við þá reglugerð frá og með 12. desember 2010. Meðal annars má ekki setja nýtt alifuglakjöt, þ.m.t. kjöt af kalkúnum, á markað til neyslu nema það uppfylli eftirfarandi skilyrði: „Salmonella: engin í 25 grömmum“.
- 3) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að í markmiði Bandalagsins skuli koma fram tala þess hámarkshundraðshluta faraldsfræðilegra eininga sem eru áfram jákvæðar og/eða lágmarkshundraðshluta minnkunar á fjölda faraldsfræðilegra eininga sem eru áfram jákvæðar, hámarksfrestur til að ná markmiðunum og skilgreining á þeim prófunarkerfum sem eru nauðsynleg til að sannreyna að markmiðið hafi náðst. Reglugerðin skal einnig taka til skilgreiningar á sermigerðum, ef við á, sem hafa áhrif á lýðheilsu.
- 4) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að þegar markmið Bandalagsins er ákvarðað skuli taka tillit til reynslu sem aflað hefur verið í tengslum við gildandi varnarráðstafanir í hverju landi fyrir sig og upplýsinga sem framsendar hafa verið til framkvæmdastjórnarinnar eða Matvælaöryggisstofnunar Evrópu samkvæmt gildandi kröfum Bandalagsins, einkum innan upplýsingarammans sem kveðið er á um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/99/EB frá 17. nóvember 2003 um eftirlit með dýrasjúkdómum og smitvöldum dýrasjúkdóma <sup>(2)</sup>, sem berast í fólk, einkum 5 gr.
- 5) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að þegar hvert markmið Bandalagsins er skilgreint skuli framkvæmdastjórnin leggja fram greiningu á áætluðum kostnaði og ávinningi. Þrátt fyrir þetta er hins vegar heimilt að ákvarða markmið Bandalagsins að því er varðar kalkúna, sem tekur til *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*, fyrir aðlögunartímabil án þess að slík greining fari fram.
- 6) Þar af leiðandi hefur samanburðarhæfum gögnum um algengi sermigerða salmonellu í hópum kalkúna í aðildarríkjunum verið safnað saman í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/662/EB frá 29. september 2006 um fjárframlag Bandalagsins til grunnrannsóknar á algengi salmonellu í kalkúnum, sem gera skal í aðildarríkjunum <sup>(3)</sup>.
- 7) Í reglugerð (EB) nr. 2160/2003 er kveðið á um að á þriggja ára aðlögunartímabili skuli markmið Bandalagsins að því er varðar kalkúna aðeins taka til *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*. Huga má að öðrum sermigerðum salmonellu sem hafa áhrif á lýðheilsu að því tímabili loknu.
- 8) Nauðsynlegt er að kveða á um endurtekna sýnatöku á hópum kalkúna í þessari reglugerð svo að sannreyna megi hvernig gengur að ná markmiði Bandalagsins.
- 9) Í samræmi við 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 var haft samráð við Matvælaöryggisstofnun Evrópu við ákvörðun markmiðs Bandalagsins að því er varðar kalkúna.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 162, 21.6.2008, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 114/2010 frá 10. nóvember 2010 um breytingu á I viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, (bíður birtingar).

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1237/2007 (Stjtið. ESB L 280, 24.10.2007 bls. 5).

(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun ráðsins 2006/104/EB (Stjtið. ESB L 363, 20.12.2006, bls. 352).

(<sup>3</sup>) Stjtið. ESB L 272, 3.10.2006, bls. 22.

- 10) Starfshópur Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um söfnun gagna um sjúkdóma sem berast milli manna og dýra samþykkti 28. apríl 2008 skýrslu um greiningu í grunnrannsóknnum á algengi salmonellu í hópum kalkúna í ESB, 2006-2007, A-hluta: Mat á algengi salmonellu.
- 11) Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 646/2007 frá 12. júní 2007 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2160/2003, að því er varðar markmið Bandalagsins sem sett eru til að draga úr algengi *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í holdakjúklingum, og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 1091/2005 <sup>(1)</sup>, skal taka sýni vegna salmonellu úr holdakjúklingum þar sem notuð eru a.m.k. tvenn pör af sýnatökuyfirhlífum. Sýnt er fram á með nýrri vísindaþekkingu að ef notuð er samsetning með sýni sem tekið er með pari af sýnatökuyfirhlífum ásamt ryksýni skilar það a.m.k. sama næmi og sýni sem tekin eru með tveimur pörum af sýnatökuyfirhlífum. Því skal leyfa þessa samsetningu sem staðgöngusýnatökuaðferð og breyta ber reglugerð (EB) nr. 646/2007 til samræmis við það.
- 12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

#### Markmið Bandalagsins

1. Markmið Bandalagsins, sem um getur í 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, að því er varðar að draga úr *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* í kalkúnum (hér á eftir nefnt „markmið Bandalagsins“), er sem hér segir:

- a) að lækka hámarkshundraðshluta þeirra hópa eldiskalkúna, sem eru áfram jákvæðir fyrir *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*, í 1% eða minna fyrir 31. desember 2012, og
- b) að lækka hámarkshundraðshluta þeirra hópa fullorðinna kalkúna til undaneldis, sem eru áfram jákvæðir fyrir *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*, í 1% eða minna fyrir 31. desember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2008.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Androulla VASSILIOU

framkvæmdastjóri.

Fyrir aðildarríki með færri en 100 hópa fullorðinna kalkúna til undaneldis eða eldiskalkúna skal þó markmið Bandalagsins vera þannig að 31. desember 2012 skuli ekki fleiri en einn flokkur fullorðinna kalkúna til undaneldis eða eldiskalkúna haldast jákvæður.

2. Prófunarkerfið, sem er nauðsynlegt til að sannreyna hvornig gengur að ná markmiði Bandalagsins, er sett fram í viðaukanum.

3. Framkvæmdastjórnin skal íhuga endurskoðun markmiðsins og prófunarkerfisins, sem sett er fram í viðaukanum, á grundvelli fenginnar reynslu árið 2010 sem er fyrsta ár varnaráætlana í hverju landi fyrir sig, eins og um getur í 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003.

2. gr.

#### Breyting á reglugerð (EB) nr. 646/2007

Eftirfarandi málsgreinar bætast við í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 646/2007:

1. Í lok 2. liðar:

„Að öðrum kosti er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða að taka skuli sýni með einu pari af sýnatökuyfirhlífum, sem nær til 100% af flatarmáli hússins, ef það er tekið ásamt ryksýni, sem safnað er af mörgum stöðum um allt húsið, af yfirborðsflötum sem voru sýnilega rykugir.“

2. Á eftir annarri málsgrein í lið 3.1:

„Ryksýnið skal helst greina sérstaklega. Lögbæru yfirvaldi er þó heimilt að ákveða að hópa það með yfirhlífapörum, sem notuð voru til sýnatöku, til greiningar.“

3. gr.

#### Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. og 3. mgr. 1. gr. og 2. gr. gilda frá 1. júlí 2008 og 2. mgr. 1. gr. gildir frá 1. janúar 2010.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 151, 13.6.2007, bls. 21.

## VIDAUKI

**Prófunarkerfi sem er nauðsynlegt til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði bandalagsins eins og um getur í 2. mgr. 1. gr.****1. Tíðni og staða sýnatöku**

- a) Sýnatökuramminn skal taka til allra hópa eldiskalkúna og kalkúna til undaneldis sem um getur í reglugerð (EB) nr. 2160/2003.
- b) Taka skal sýni úr hópum kalkúna að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis og lögbærs yfirvalds.
  - i. Sýnataka úr hópum eldiskalkúna og kalkúna til undaneldis að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis skal fara fram í samræmi við 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003 innan við þremur vikum áður en fuglarnir eru fluttir í sláturhús. Niðurstöðurnar eru einungis gildar í að hámarki sex vikur eftir sýnatöku og því getur þurft að endurtaka sýnatöku hjá sama hópnum.
  - ii. Auk þess skal sýnataka úr hópum kalkúna til undaneldis, sem gerð er að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækisins, fara fram:
    - í eldishópum: hjá dagsgömlum fuglum, við fjögurra vikna aldur og tveimur vikum fyrir varpstig eða flutning í varpeiningu,
    - í hópum fullorðinna fugla: á bújörðinni eða útungunarstöðinni a.m.k. þriðju hverja viku á meðan á varptímabilinu stendur.
  - iii. Sýnataka lögbærs yfirvalds skal a.m.k. ná til:
    - allra hópa, einu sinni á ári, á 10% bújarða, þar sem eru a.m.k. 250 fullorðnir kalkúnar til undaneldis á aldursbilinu 30 til 45 vikna, en í öllum tilvikum til allra bújarða þar sem *Salmonella enteritidis* eða *Salmonella typhimurium* greindist á næstliðnum 12 mánuðum og allra bújarða þar sem eru úrvalsfluglar, langafar og -ömmur og afar og ömmur kalkúna til undaneldis; þessi sýnataka má einnig fara fram á útungunarstöðinni,
    - allra hópa á bújörðum ef *Salmonella enteritidis* eða *Salmonella typhimurium* hefur greinst í sýnum sem stjórnendur matvælafyrirtækja tóku á útungunarstöðinni eða sem tekin voru innan ramma opinbers eftirlits til að kanna uppruna sýkingarinnar,
    - allra hópa á 10% bújarða einu sinni á ári, þar sem eru a.m.k. 500 fullorðnir eldiskalkúnar, en í öllum tilvikum:
    - til allra hópa á bújörðinni ef sýni sem stjórnandi matvælafyrirtækisins lét taka hjá einum hópi greindust jákvæð með tilliti til *Salmonella enteritidis* eða *Salmonella typhimurium*, nema ef senda á kjöt af kalkúnum í hópunum til verksmiðjuhitameðferðar eða annarar meðferðar til að útrýma salmonellu, og
    - til allra hópa á bújörðinni ef sýni sem stjórnandi matvælafyrirtækisins lét taka hjá einum hópi greindust jákvæð með tilliti til *Salmonella enteritidis* eða *Salmonella typhimurium* í fyrri umferð sýnatöku, og
    - í hvert skipti sem lögbært yfirvald telur þess þörf.

Sýnataka, sem lögbært yfirvald framkvæmir, má koma í stað sýnatöku að frumkvæði stjórnanda matvælafyrirtækis.

**2. Aðferðalýsing við sýnatöku****2.1. Sýnataka á útungunarstöðinni**

Sýnataka skal fara fram á útungunarstöðinni í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í lið 2.2.1 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1003/2005 <sup>(1)</sup>.

**2.2. Sýnataka á bújörðinni****2.2.1. Kalkúnar til undaneldis**

Sýnataka skal fara fram í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í lið 2.2.2 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1003/2005.

<sup>(1)</sup> Stjóð. ESB L 170, 1.7.2005, bls. 12.

## 2.2.2. Eldiskalkúnar

Taka skal sýni með a.m.k. tveimur pörum af yfirhlífum til sýnatöku. Þegar hópar kalkúna eru útikalkúnar skal aðeins taka sýni inni í húsinu. Öll sýni, sem eru tekin með yfirhlífum, skal hópa í eitt sýni.

Í hópum með færri en 100 kalkúna þar sem ekki er hægt að nota yfirhlífur til sýnatöku, þar eð ekki er hægt að fara inn í húsin, er í staðinn heimilt að taka strokusýni með höndunum þar sem sýnatökuyfirhlíf er dregin yfir hansakklæddar hendur og nuddað eftir yfirborði mengað nýjum saur eða, ef það er ekki gerlegt, með öðrum sýnatökuaðferðum fyrir saur sem hæfa tilganginum.

Áður en farið er í yfirhlífarnar skal væta yfirborð þeirra með þynningarefni sem tryggir hámarksundurheimt (MRD: 0,8% natríumklóríði og 0,1% peptóni í dauðhreinsuðu, afjónuðu vatni) eða dauðhreinsuðu vatni eða einhverju öðru þynningarefni sem innlenda tilvísunarrannsóknarstofan, sem um getur í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, samþykkir. Óheimilt er að nota vatn af bújörðinni sem inniheldur sýkingalyf eða viðbætt sótthreinsiefni. Best er að væta yfirhlífur með því að hella vökvanum inn í þær áður en farið er í þær. Einnig er hægt að gufusæfa yfirhlífarnar með þynningarefni í gufusæfingarpokum eða -krukkum fyrir notkun. Einnig má bera þynningarefni á eftir að farið er í stígvél með því að nota úðabrúsa eða sprautuflösku.

Tryggja verður að tekin séu hlutfallsleg sýni úr öllum hlutum hússins. Hvert par skal taka til u.þ.b. 50% af flatarmáli hússins.

Að öðrum kosti er lögbæru yfirvaldi heimilt að ákveða að taka skuli sýni með einu pari af sýnatökuyfirhlífum, sem nær til 100% af flatarmáli hússins, ef það er tekið ásamt ryksýni, sem safnað er af mörgum stöðum um allt húsið, af yfirborðsflötum sem voru sýnilega rykugir.

Þegar sýnatöku er lokið skal taka yfirhlífarnar, sem notaðar voru til sýnatöku, varlega af til að forðast að efni, sem loðir við þær, losni af þeim. Snúa má sýnatökuyfirhlífunum til að efni haldist í þeim. Þeim skal komið fyrir í poka eða fötu og þær merktar.

Lögbært yfirvald skal hafa umsjón með fræðslu stjórnenda matvælafyrirtækja til að tryggja rétta beitingu aðferðar við sýnatöku.

Þegar lögbært yfirvald tekur sýni vegna gruns um salmonellusmit í hópi á viðkomandi bújörð og í öðrum tilvikum sem teljast viðeigandi skal það fullvissa sig um, með því að framkvæma frekari prófanir, eftir því sem við á, að niðurstöður rannsókna á salmonellu í hópum kalkúna séu ekki bjagaðar vegna notkunar sýkingalyfja í hópunum.

Ef ekki er unnt að greina *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium* en unnt er að greina sýkingalyf eða hamlandi áhrif á bakteríuvöxt skal flokka hópinn sem smitaðan hóp kalkúna í skilningi markmiðs Bandalagsins sem um getur í 2. mgr. 1. gr.

## 3. Rannsókn á sýnum

### 3.1. Flutningur og undirbúningur sýna

Senda skal sýnin, helst með hraðpósti eða sendiboða, til rannsóknastofanna, sem um getur í 11. og 12. gr. reglugerðar (EB) nr. 2160/2003, innan 24 klukkustunda frá sýnatöku. Ef þau eru ekki send innan 24 klukkustunda skal geyma þau í kæli. Sýnin skulu geymd í kæli á rannsóknarstofunni þar til þau eru rannsökuð en rannsókn skal hefjast innan 48 klukkustunda frá móttöku sýnanna og innan 96 klukkustunda frá sýnatökunni.

Taka skal yfirhlífa-/sokkparið/-pörin, sem notað var eða notuð voru til sýnatöku, varlega upp til að saurefni sem loðir við þau losni ekki, hópa í eitt sýni og setja í 225 ml af jöfnuðu peptónvatni (e. buffered peptone water) sem hefur verið hitað upp í stofuhita. Jafnaða peptónvatnið skal fljóta alveg yfir yfirhlífaþörin, sem notuð voru til sýnatökunnar, og því má bæta við meira af jöfnuðu peptónvatni ef nauðsyn krefur.

Ryksýnið skal helst greint sérstaklega. Lögbæru yfirvaldi er þó heimilt að hópa það með yfirhlífaþörum, sem notuð voru til sýnatöku, til greiningar.

Sýninu skal hringsnúið svo að það mettist til fulls og ræktun skal haldið áfram með því að nota greiningaraðferðina í lið 3.2.

Önnur sýni (t.d. frá útungunarstöðvum) skulu tilreidd í samræmi við ákvæðin sem mælt er fyrir um í lið 2.2.2 í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1003/2005.

Ef samþykktir ISO-staðlar fyrir undirbúning saursýna til að greina salmonellu liggja fyrir skal nota þá og setja í stað þeirra ákvæða um undirbúning sýna sem sett eru fram í þessum lið.

### 3.2. Greiningaraðferð

Nota skal þá greiningaraðferð sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sinnir salmonellu, í Bilthoven, Hollandi, mælir með.

Umræddri aðferð er lýst í viðauka D við ISO-staðal 6579 (2002): „Detection of *Salmonella* spp. in animal faeces and in samples of the primary production stage“. Nota skal nýjustu útgáfu af viðauka D.

Í þeirri greiningaraðferð er notað hálfvætt æti (umbreytt hálfvætt Rappaport-Vassiladis-æti (MSRV)) sem eina valvísu auðgaða ætið.

### 3.3. Sermigerðargreining

Að minnsta kosti eitt einangur úr hverju jákvæðu sýni skal sermigerðarprófað samkvæmt Kaufmann-White kerfinu.

### 3.4. Staðgönguáðferðir

Að því er varðar sýni sem tekin eru að frumkvæði stjórnanda matvælaframleiðinga er heimilt að nota þær greiningaraðferðir, sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 882/2004 <sup>(1)</sup>, í stað þeirra aðferða til að undirbúa sýni, greiningaraðferða og sermigerðargreininga, sem kveðið er á um í liðum 3.1, 3.2 og 3.3 í þessum viðauka, ef þær eru fullgiltar í samræmi við EN/ISO 16140/2003.

### 3.5. Geymsla stofna

Rannsóknarstofur skulu ábyrgjast að lögbært yfirvald geti safnað a.m.k. einum einangruðum stofni *Salmonella* spp. úr hverju húsi og á hverju ári og geymt svo að hægt verði síðar að greina þá með tilliti til fögugerðar eða næmi þeirra fyrir sýkingalyfjum, með því að beita venjulegum aðferðum við söfnun stofna sem skal tryggja heilleika stofnanna í a.m.k. tvö ár.

## 4. Niðurstöður og skýrslugjöf

### 4.1. Greining á *Salmonella enteritidis* og/eða *Salmonella typhimurium*

Rannsóknarstofan skal tafarlaust tilkynna lögbæru yfirvaldi um hverja greiningu á *Salmonella enteritidis* og/eða *Salmonella typhimurium* og tilgreina tilvísanir til bújarðar og hóps.

### 4.2. Útreikningar á algengi til að sannreyna hvernig gengur að ná markmiði Bandalagsins

Hópur kalkúna telst jákvæður þegar verið er sannreyna að markmið Bandalagsins hafi náðst ef staðfest er að *Salmonella enteritidis* og/eða *Salmonella typhimurium* (ef ekki er um að ræða bóluefnisstofna) hafi einhvern tíma greinst í hópnum.

Jákvæða hópa kalkúna skal einungis telja einu sinni í hverri umferð, án tillits til fjölda tekinnna sýna og prófana, og þá skal einungis tilgreina í skýrslunni á því ári sem sýni reynist jákvætt í fyrsta sinn.

Algengi skal reiknað út sérstaklega fyrir hópa eldiskalkúna og hópa fullorðinna kalkúna til undaneldis.

<sup>(1)</sup> Stjóð ESB L 165, 30.4.2004, bls. 1; leiðrétt í Stjóð. ESB L 191, 28.5.2004, bls. 1.

#### 4.3. Ársskýrsla

Í ársskýrslu skal koma fram:

- a) heildarfjöldi hópa eldiskalkúna og fullorðinna kalkúna til undaneldis sem lögbært yfirvald eða stjórnandi matvælafyrirtækis tekur sýni úr,
- b) heildarfjöldi hópa eldiskalkúna og fullorðinna kalkúna til undaneldis sem er sýktur af *Salmonella enteritidis* eða *Salmonella typhimurium*,
- c) allar sermigerðir salmonellu sem einangraðar hafa verið (einnig aðrar gerðir en *Salmonella enteritidis* og *Salmonella typhimurium*) og fjöldi hópa sem er sýktur af hverri sermigerð,
- d) skýringar á niðurstöðum, einkum að því er varðar sérstök tilvik.

Gefa skal skýrslu um niðurstöðurnar og allar viðeigandi viðbótarupplýsingar sem hluta af skýrslunni um þróun og upptök sem kveðið er á um í 1. mgr. 9. gr. tilskipunar 2003/99/EB <sup>(1)</sup>.

#### 4.4. Frekari upplýsingar

Að minnsta kosti eftirfarandi upplýsingar skulu vera tiltækar fyrir hvern hóp kalkúna sem prófaður er til greiningar á landsvísu eða hjá Matvælaöryggisstofnun Evrópu að hennar beiðni:

- a) sýni sem lögbært yfirvald eða stjórnandi matvælafyrirtækis tekur,
- b) varanlegt tilvísunarnúmer bújarðar,
- c) varanlegt tilvísunarnúmer húss,
- d) mánuður sýnatöku.

---

(1) Stjóð. ESB L 325, 12.12.2003, bls. 31.